

Nefndarsvið Alþingis

nefundasvid@althingi.is

30. mars 2020

EFNI: Umsögn frá Arkitektafélagi Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (mannvirki), 456. mál.

Arkitektafélag Íslands setur fram verulegar athugasemdir við frumvarpið og vill koma eftirfarandi á framfæri:

Mannvirkið og teikningin

Byggingarlist (arkitektúr) er list-og fræðigrein sem mótast í samtali við umhverfið og samfélagið enda er hlutverk hennar fyrst og fremst að bæta lífsgæði fólks, bæta umhverfið og þar af leiðandi samfélagið í heild. Byggingarlist er heilðræn hugsun, sem inniber hönnunarferli frá hugmynd til veruleika, frá teikningu til endanlegs mannvirkis. Hornsteinar byggingarlistar samkvæmt aldagamalli skilgreiningu hvíla á þremur gildum: „venustas, firmitas, utilitas“ (Vitruvius, arkitekt og fræðimaður, um 100 e.Kr.). Á íslensku má þýða hugtök Vitruviusar sem: a) venustas: list eða fegurð, b) firmitas: tækni eða gæði framkvæmdar og c) utilitas: nytsemi eða notagildi.

Góð hönnun kallar á hið sérstaka í hverju verkefni og er hún nátengd stað og notkun. Í höfundalögunum eins og þau standa í dag er eigendum húsnæðis gefin rúmur rammi til breytinga en í greinagerð með frumvarpinu frá 1972 segir um 13. gr. ¹

Um breytingar ber að hafa í huga, að verndin nær aðeins til hins listræna forms verksins, og eru ýmsar aðgerðir á mannvirkinu óháðar því, t. d. að jafnaði breytingar á herbergjaskipun innan húss. En þegar breytingin hefur áhrif á hið listræna form, verður að meta hverju sinni, hvort meira má sín tillitið til hagsmuna höfundar, og þá einkum réttar hans eftir 4. gr., eða tillit til hagsmuna eiganda, sem venjulega

¹ Nú nýtur mannvirki verndar eftir reglum um byggingarlist, og er eiganda þó allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar, að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum.

eru fjárhagslegs eðlis. Við matið kemur m. a. til greina, hvort eiganda er unnt að bæta úr þörf sinni með öðrum hætti, og hver kostnaðarauki honum yrði að því.

Arkitektafélag Íslands telur að í lögunum eins og þau standa nú komi ágætlega fram í greinargerðinni hvaða skilyrði takmörkunin er háð, og við hvaða aðstæður eiganda sé heimil breyting, hvers konar mat skal fara fram og að einungis sé átt við listrænt form verksins. Enda hefur hin sögulega vídd og listrænt form ómetanlegt gildi í sjálfsmynd okkar. Hún varpar ljósi á samspil tíðaranda og ríkjandi hugmyndafræði hvers tíma.

Sæmdarréttur og höfundarréttur

Höfundarréttur er tvískiptur. Annarsvegar skiptist hann í sæmdarrétt og hinsvegar í höfundarrétt. Sæmdarréttur er óframseljanlegur og varanlegur réttur höfundar en hann lítur að rétti höfunda til að njóta viðurkenningar fyrir verk sín. Sæmdarréttur gefur arkitekt rétt til að segja hvort breyting á verki skaði höfundaheildur hans. Ekki þarf að sýna fram á fjárhagslegt tjón þegar farið er fram á bætur fyrir brot á sæmdarrétti rétt eins og gert er ráð fyrir í höfundarrétti. Svo virðist sem horft sé fram hjá sæmdarrétti arkitekta í frumvarpinu sem lagt er nú fram.

Byggingarleyfi og mannvirki

Frumvarpið leggur til að ekki þurfi lengur að leita samþykkis höfundar húsnæðis ef breyta á mannvirkinu. M.ö.o. í frumvarpinu stendur orðrétt:

Þannig geta eigendur mannvirkja breytt þeim án þess að þurfa að leita samþykkis annarra.

Í þessari setningu gætir ákveðins misskilnings á mannvirkjagerð yfirhöfuð. Til að breyta mannvirki þarf alltaf byggingarleyfi byggingarfulltrúa en þegar mannvirki er breytt breytist iðulega um leið burðarkerfi þess, lagnakerfi etc. og það væri engu samfélagi til heilla að leyfa breytingar án byggingarleyfis. Til að sækja byggingarleyfi þarf uppáskrift teikninga frá aðila með löggildingu frá Mannvirkjastofnun. Þeir sem geta öðlast löggildinu til að gera aðaluppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og tilheyrandi deiliskipulagi eru arkitektar og

byggingafræðingar.² Það að breyta mannvirki án samþykkis myndi ávallt ganga gegn mannvirkjalögum. Til að tryggja heildstæða hugsun húsnæðis, sem arkitektar eru sérhæfðir í, og tryggja sæmdarrétt höfundar væri farsælast að leita strax til arkitekts hússins til að teikna viðkomandi breytingar. Ef arkitekt er látinn gilda höfundalögin eins og þau standa, þ.e. í 70 ár frá andláti höfundar.

Menningarstefna í mannvirkjagerð³

Árið 2007 gáfu íslensk stjórnvöld út sérstaka menningarstefnu í mannvirkjagerð, endurútgefin 2014. Það er mikið og gott plagg þó allt of oft reki arkitektar og aðrar stéttir sig á það að stjórnvöld séu ekki nógu meðvituð um tilvist þessarar stefnumótunar. Það er óhætt að segja að frumvarpið tali gegn opinberri stefnu stjórnvalda í mannvirkjagerð en þar stendur orðrétt:

Eðlilegt er að stjórnvöld séu í forystuhlutverki þegar markmið og stefnur eru settar fram um hönnun í manngerðu umhverfi og að þau hvetji til heildarhugsunarforms og rýmis, hlutfalla, efnis og litanotkunar í samspili við umhverfið. Heildræn hugsun í þessum efnum skilar sér í auðgandi samhengi mannvirkja, notenda og staðar, í sannfærandi hlutföllum, birtuspili og áferð. Hún örvar ríka skynjun og upplifanir ásamt því að stuðla að sterkri ímynd staðar.

Arkitektafélag Íslands hvetur alla þá sem vinna í íslensku stjórnkerfi að kynna sér þessa stefnu og tileinka sér hana í sinni vinnu.

Hvar á íslensk byggingarlist heima?

Í frumvarpinu er talað um að varðveita eigi myndir, teikningar og tölvugögn um hönnunina og er það mikið og gott fagnaðarefni þótt það eigi ekki að skerða höfundarétt enn frekar en II. kafli laganna nær til. Það er þó mjög mikilvægt að minna á þá sorglegu staðreynd að íslensk byggingarlist og arfleið hennar á hvergi heima í íslensku stjórnkerfi. Hver mun varðveita, skrá og rannsaka teikningar og tölvugögn, jafnvel þannig að það verði aðgengilegt öllum þeim sem af þeim vilja leita? Á Íslandi eru mörg listasöfn rekin af hinu opinbera og

² Lög um mannvirki 2010 nr. 160 28. desember

³ <https://www.fsr.is/media/utgefid-efni/Menningarstefna-i-mannvirkiagerd-Nv-utgafa-2014.pdf>

stofnanir sem sjá um varðveislu hinna ýmsu listgreina, t.d. Tónverkamiðstöð og Kvikmyndasafn Íslands. Þetta er nokkuð merkileg staðreynd í ljósi þeirra gríðarlegu fjármuna sem fara í byggingar og viðhald þeirra ár hvert. Án efa væri hægt að fara betur með fjármuni og um leið efla gæði íslenskrar byggingarlistar ef þessari mikilvægu starfsgrein væri gert hærra undir höfði, til að mynda myndu rannsóknir skila sér fljótt til samfélagsins alls. Með vísun aftur í Menningarstefnu í mannvirkjagerð⁴ þá er þar sérkaflí um varðveislu en þar stendur orðrétt:

Hið manngerða umhverfi geymir vitnisburð og frásagnir úr sögu okkar. Mikilvægt er að tryggja varðveislu þess samhliða eðlilegri framþróun. Hin sögulega vídd hefur ómetanlegt gildi í sjálfsmynd okkar, hún varpar ljósi á samspil tíðaranda, ríkjandi hugmyndafræði og áhrif efnahags á húsakost og skipulag. Umsagnir fagaðila með sérþekkingu á sögulegum byggingum, friðun og endurbyggingu eiga að skipa ákveðinn sess þegar byggingarframkvæmdir og skipulag krefjast þess að tillit sé tekið til þeirra þátta sem af ýmsum ástæðum hafa gildi sem ekki verður metið til fjár. Hið opinbera hefur ríku skyldum að gegna við varðveislu byggingararfsins. Þjóða ber upp á fræðslu og upplýsingar um manngert umhverfi á hinum ýmsu tímabilum Íslandssögunnar og nýta til þess þá möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á. Skilningur á framvindu sögunnar í byggðu umhverfi eykur tilfinningu fyrir því hvernig nýtt tengist gömlu og hvernig notkun húsa og opinna svæða aðlagast með tíma. Þannig myndast haldgóður grunnur til frekari umræðna um þróun og áherslur byggðar á okkar tímum.

Tekið yrði stórt og jákvætt skref ef stjórnvöld myndu bregðast við eigin orðum og styðja betur við varðveislu byggingararfsins. Þannig gætum við eflt samfélagið allt á sviði byggingarlistar og tryggt betri og meiri gæði öllum til bóta.

Niðurlag

Arkitektafélag Íslands hvetur til þess að frumvarpið fari ekki í gegn. Félagið og félagsmenn þess sem allir eru menntaðar arkitektar (lögverndað starfsheiti) eru reiðubúnir að miðla þekkingu sinni og reynslu til hins opinbera ef þess er óskað þegar kemur að þessum málaflokki. Arkitektafélag Íslands er þó hlynnt því að höfundalögin eins og þau eru í gildi nú séu endurskoðuð. Þau mætti skerpa allverulega, bæði út frá hagsmunum höfunda og hagsmunum eiganda, því allt of oft virðist höfundaréttur á Íslandi á reiki engum til heilla.

⁴ <https://www.fsr.is/media/utgefid-efni/Menningarstefna-i-mannvirkiagerd-Nv-utgafa-2014.pdf>

Virðingarfyllst, og fyrir hönd Arkitektafélags Íslands,

A handwritten signature in blue ink, consisting of stylized, overlapping letters and lines, positioned above a horizontal line.

Karl Kvaran,
Formaður Arkitektafélags Íslands